

Fundargerð 39. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 25. september 2017 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016
2. Hagvöxtur landshluta
3. Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði
4. Byggðaáætlun 2018-2024
5. Fundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga haustið 2017
6. Áhersluverkefni Norðurlands vestra 2017
7. Önnur mál
 - a. Hugarflugsfundur stýrihópsins
 - b. Rafræn umsóknagátt uppbyggingarsjóða
 - c. Næsti fundur

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SSR), Benedikt Árnason og Héðinn Unnsteinsson (FOR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR, mætti kl. 13:12), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (SSR), Þór G. Þórarinnsson (VEL), Þórarinn Sólmundarson (MMR), Páll S. Brynjarsson (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Að auki sat Erna Eiríksdóttir starfsnemi í velferðarráðuneyti fundinn.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmssdóttir (UTN), Karl Björnsson (Sambandinu), Helga Haraldsdóttir (ANR) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 38. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Í byrjun fundar greindi formaður frá því að Héðinn Unnsteinsson tæki að nýju sæti í stýrihópnum sem fulltrúi forsætisráðuneytisins í stað Benedikts Árnasonar. Héðinn var boðinn velkominn og Benedikt þakkað samstarfið.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016

Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016 var lögð fram. Rætt var hvernig standa skyldi að kynningu á greinargerðinni í ljósi þess að ríkisstjórnin er að fara frá. Ákveðið að kynna greinargerðina fyrir fráfarandi ráðherra sem og þeim ráðherra sem tekur við eftir kosningar. Þá verður hún send þingmönnum og fjölmiðlum.

2. Hagvöxtur landshluta

Formaður hafði sent stýrihópnum vefslóðir á tvær skýrslur um hagvöxt landshluta sem Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnu. Umræður. Ákveðið var að óska eftir kynningu á skýrslunum.

3. Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði

Fulltrúi forsætisráðuneytisins greindi frá vinnu sem hann ásamt formanni og fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins hafi lagt í gerð minnisblaðs sem fyrirhugað var að byggðamálaráðherra færi með fyrir ríkisstjórn og síðar fyrir fjárlaganefnd. Í ljósi aðstæðna var ákveðið að minnisblaðið biði nýrrar ríkisstjórnar. Formaður og fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis tóku að sér að skoða tiltekin verkefni með sínum ráðuneytum. Stefnt að því að drög að minnisblaði verði rædd á næsta fundi stýrihópsins.

4. Byggðaaætlun 2018-2024

Formaður greindi frá því að skipaður hefur verið verkefnishópur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til að fullvinna drög að byggðaaætlun 2018-2024, en Byggðastofnun skilaði drögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem þá fór með byggðamál í janúar sl. Þegar drögnum var skilað átti meðal annars eftir að tengja saman markmið, mælikvarða og aðgerðir og að kostnaðarmeta einstakar aðgerðir. Formaður stýrihópsins fer fyrir verkefnishópnum, en auk hennar á einn fulltrúi frá hverri skrifstofu ráðuneytisins þar sæti sem og fulltrúi Byggðastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nokkrar umræður urðu um byggðaaætlun og tilgang hennar. Ákveðið að óska eftir að verkefnishópurinn fundi með stýrihópnum þegar líða tekur á haustið.

5. Fundir stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga haustið 2017

Árlegir fundir landshlutasamtaka og stýrihóps eru framundan og að þessu sinni heimsækir stýrihópurinn hvern landshluta. Verkefnisstjóri skipuleggur þessa fundi í samstarfi við formann. Stefnt er að því að ljúka fundarlotunni fyrir mánaðarmótin nóvember desember. Vonast er til að sem flestir fulltrúar stýrihópsins hafi tök á að sækja fundina.

6. Áhersluverkefni Norðurlands vestra 2017

Fundarmenn höfðu fyrir fundinn fengið sendar upplýsingar um þrjú ný áhersluverkefni á Norðurlandi vestra. Stýrihópurinn staðfestir verkefnin fyrir sitt leyti.

Nokkur umræða varð um kröfur um framsetningu áhersluverkefna og hversu skýrar þær eigi að vera. Unnið verður að því að setja fram tillögur um hvernig gera megji markmið skýrari og tengja þau með skýrari hætti við mælikvarða og aðgerðir. Ákveðið að taka málið fyrir á samráðsfundi með landshlutasamtökunum í Reykjavík sem áætlaður er í nóvember.

7. Önnur mál

a. Hugarflugsfundur stýrihópsins.

Formaður lagði til að stýrihópurinn héldi hugarflugsfund í Borgarnesi, líkt og gert var við upphaf sóknaráætlunarverkefnisins árið 2012. Vel tekið í þá hugmynd og formanni falið að boða fundinn.

b. Rafræn umsóknagátt uppbyggingarsjóða

Sagt var frá stöðu mála varðandi vefgátt fyrir umsóknir í uppbyggingarsjóðina. Samráðs- og kynningarfundur verður haldinn 9. október í fundarsal umhverfis- og auðlindaráðuneytis með landshlutasamtökum sveitarfélaga.

c. Næsti fundur

Minnt var á næsta fund sem haldinn verður mánudaginn 23. október kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.